


# Lýðræði er leikur einn

2012 – 2013

Grunnskólinn í Sandgerði

í samstarfi við Grunnskólann á Grundarfirði og Stóru-Vogaskóla



Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

No. 35.2012-2013

**Efnisyfirlit:**

- 1. Inngangur**
- 2. Markmið verkefnisins**
- 3. Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði**
- 4. Frávik miðað við áætlun verkefnisins**
- 5. Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins**
- 6. Helsti ávinnungur af vinnu við verkefnið**
- 7. Mat á verkefninu**
- 8. Niðurstöður verkefnisins**
- 9. Kynning á verkefninu**
- 10. Lokaorð**

## **1. Inngangur**

Í kjölfar nýrrar aðalnámskrár þar sem gert er ráð fyrir sex grunnstoðum í námi nemenda er mikilvægt að skoða og skilgreina hverja grunnstoð fyrir sig. Ákveðið var að vinna sérstaklega með grunnstoðina lýðræði og mannréttindi þetta skólaár í Grunnskólanum í Sandgerði og tengja hann við félagasamtök og nærsamfélagið eins og vísað er til í nýrri aðalnámskrá. Horft var til námskrárinna sem segir: „*Lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrynninni hugsun og ígrundun um grunngildi samfélagsins. Slíkt nám gerir ráð fyrir samstarfi út fyrir veggi skóla engu síður en samstarfi í skólanum. Þannig þarf að gera ráð fyrir virku samstarfi við heimili barna og ungmenna og við æskulýðös- og íþróttastarf. Gera þarf ráð fyrir virku samstarfi við grenndarsamfélag innan sveitarfélags eða hverfis en slíkt samstarf er einnig einn af lykilþáttum sjálfbærni. Áhersla er lögð á að lýðræðislegir skólar geti þannig tekið þátt í að skapa samábyrgt og sjálfbært samfélag.*“ og ákveðið að hafa þessa tilvitnun sem leiðarljós í verkefninu.

Guðrún Snorradóttir tók að sér verkefnastjórn þar sem hún hafði langa reynslu af skólastarfi en einnig mikla reynslu hjá félagasamtökunum, Ungmennafélagi Íslands og Bandalagi íslenskra skáta sem bæði byggja á lýðræðislegu starfi. Til að auðga verkefnið og fá meiri og dýpri umræðu var leitað til annara skóla um samstarf og niðurstaðan varð sú að auk Grunnskólans í Sandgerði sem stóð fyrir verkefninu tóku Grunnskólinn á Grundarfirði og Stóru-Vogaskóli líka þátt. Einnig var leitað til Umboðsmanns barna og Unicef sem unnið hafa ötullega að lýðræði og mannréttindum. Niðurstaðan varð sú að allir ofangreindir aðilar ákváðu að koma að verkefninu á einhvern hátt.

## **2. Markmið verkefnisins**

Markmið verkefnisins var að ígrunda vel hvernig við kennum og hvernig við viljum og getum kennt lýðræði og mannréttindi í skólum á þann hátt að það samræmist nýrri aðalnámskrá grunnskóla. Markmiðið var að fræðast, skoða, ræða saman og nýta alla þá þekkingu, þau verkefni sem til voru og þá reynslu sem við næðum í og láta á það reyna í kennslu hvað kæmi að sem bestu gagni fyrir nemendur.

### **3. Leiðir sem valdar voru**

Strax í upphafi var gerð verkáætlun fyrir veturinn sem breittist lítillega og varð eftirfarandi:

Júní 2012 – Undirbúningsfundur. Verkefnastjóri ásamt skólastjórnendum allra skólanna komu saman og lögðu drög að starfinu yfir skólaárið.

Ágúst/september 2012 – Verkefnastjóri kynnti verkefnið fyrir öllum kennurum í hverjum skóla fyrir sig. Í kjölfar þeirra funda völdust 3-4 kennrarar úr hverjum skóla til þátttöku. Kennararnir voru af öllum skólastigum grunnskólans og byrjuðu sumir strax að innleiða lýðræði og mannréttindi í sína kennslu en aðrir tóku sér lengri tíma.

September/október 2012 – Verkefnastjóri hélt námskeið í ræðumennsku og fundarstjórnun fyrir starfsfólk, foreldra og nemendur í tveimur skólunum en hélt fund með þátttökukennurum í þeim þriðja. Öllum var boðin þátttaka í námskeiðinu sem byggt er á námskeiði UMFÍ, Sýndu hvað í þér býr, og þeir sem völdust á námskeiðin voru þátttökukennrarar í verkefninu, foreldrar úr foreldraráði og nemendur úr nemenda- og eða skólaráði.

Nóvember 2012 – Fríða Stefánsdóttir kennari í Sandgerði kynnti verkefnið á kynningu Sprotasjóðs í Lækjarskóla í Hafnarfirði.

Nóvember 2012 – Samstarfsfundur í Sandgerði þar sem þátttökukennrarar frá Stóru-Vogaskóla og Grundarfirði komu og áttu samræður með kennurum í Sandgerði. Fríða Stefánsdóttir forsvarskenndari verkefnisins í Sandgerði gerði grein fyrir sinni kennsluáætlun í lýðræði og mannréttindum fyrir 5. - 6. bekk og þeim aðferðum sem hún var þá þegar búin að nota í sínum skóla. Ákveðið var á þessum fundi að stofna facebook-síðu fyrir verkefnið sem var gert þar sem kennrarar gætu rætt saman um þær leiðir sem þeir væru að prófa sig með.

Mars 2013 – Þátttökukennrarar allra skólana komu saman á Grundarfirði þar sem þeir báru saman bækur sínar og kynntu öll þau verkefni og leiðir sem þeir höfðu notað við kennslu í lýðræði og mannréttindum yfir veturinn. Gerð var samantekt yfir verkefnin og rætt hvernig nýta mætti reynsluna í skólanámskrá hvers skóla. Á þessum fundi voru kennrarar orðnir mjög meðvitaðir um hvernig þeir væru að kenna og þjálfa nemendur í lýðræði og mannréttindum.

Sigurborg Kr. Hannesdóttir MSc, sem hefur sérhæft sig í þáttöku almennings og verið leiðandi á því sviði hér á landi var með á fundinum. Hún hefur haft umsjón með íbúaþingum og samráðsverkefnum víða um land og býr að viðamikilli reynslu og þekkingu á virkara lýðræði í framkvæmd. Sigurborg var fengin til að halda kynningu á tveimur aðferðum, Heimskaffi (World Cafe) og Open Space, sem kennurum gætu nýst í lýðræðis- og mannréttindakennslu sinni. Þar sem Sigurborg er forseti bæjarstjórnar á Grundarfirði þótti það einnig góð tenging við verkefnið þegar horft er til samfélagsins í heild. Kennrarar voru mjög ánægðir með innlegg Sigurborgar og höfðu allir áform um að nýta það í sínum skólum. Ekki leið á löngu þar til fyrsta reynslusagan kom á facebook og hafði gengið vel.

Júní 2013 – Haldnar voru uppskeruháttíðir í skólunum á verkefninu þar sem þáttökukennrarar gerðu grein fyrir afrakstri verkefnisins á kennarafundum í sínum skólum. Verkefnastjóri sendi öllum skólum viðurkenningarskjal og þakkir fyrir verðugt framlag til lýðræðis og mannréttindakennslu.

#### **4. Frávik miðað við áætlun verkefnisins**

Í upphafði gerði verkefnastjóri ráð fyrir að halda skólaping í lok skólaárs í hverjum skóla fyrir sig þar sem áhugasamir kennrarar, nemendur og foreldrar hittust og ræddu um sinn skóla, hvað gengi vel og hvað mætti betur fara. Ekki náðist að halda þessi þing en þau komu til umræðu á seinni hópfundinum sem haldin var á Grundarfirði og verða vonandi haldin þar sem kennrarar voru bæði komnir með meiri þekkingu, reynslu og áhuga á lýðræðisvinnu.

Hins vegar kom upp hugmynd um facebook-síðu eftir að verkefnið fór af stað og var henni strax komið í gagnið og nýttist ágætlega en hefði mátt nýtast enn betur. Hópfundir allra þáttökukennara þar sem kennrarar af Suðurnesjum fóru einu sinni vestur og kennrarar frá Grundarfirði komu einu sinni suður voru heldur ekki á upphaflegu áætluninni en voru mjög góðir. Námskeiðið með Sigurborgu var einnig viðbóð sem var virkilega góð. Viðurkenning til skólanna í lokin kom einnig til í lok vetrar þegar forsvarsáðilum var ljóst að afrakstur verkefnisins var mun meiri en þeir þorðu að vona í upphafi þrátt fyrir að um miklar bjartsýniskonur hafi verið að ræða.

## **5. Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins**

Einna erfiðast var að finna sameiginlegan tíma fyrir hópfundina þegar kennrarar frá öllum skólum ætluðu að hittast þar sem ekki var um sameiginlega starfsdaga að ræða á milli skóla og skólarnir á sitt hvoru skólasvæðinu og í tveimur landsfjórðunugm.

## **6. Helsti ávinnungur af vinnu við verkefnið**

Helsti ávinnungur af verkefninu eru öll verkefnin sem urðu til en einnig samræðan sem varð á milli kennara í öllum þessum þremur skólum. Greinilegt var á samræðunni að kennrarar höfðu lagt sig fram við ígrundun á hvað væri að gerast í þeirra skólum í lýðræði og mannréttindum og við það jókst áhugi þeirra á að sinna þessum þætti eins og vel þeim er unnt. Verkefnið kemur til með að nýtast vel í endurskoðun skólanámskráa í öllum skólunum.

Verkefnin sem notuð voru og urðu til í skólunum voru eftirfarandi:

1. Verkefni af vefnum, Stjórnlog unga fólksins, myndbönd og verkefni.  
<http://stjornlog.nvc.is/>  
(Prófað í öllum skólunum og þóttu fullerfið fyrir yngsta stig)
2. Lýðræðis- og mannréttindaverkefni í bókinni Kompás sem er rafræn á [www.nams.is](http://www.nams.is)
3. Ýmis lýðræðisverkefni á dagskrávef Bandalag íslenskra skáta,  
[www.skatar.is/skatadagskra](http://www.skatar.is/skatadagskra)
4. Umræður um mannréttindi og forréttindi. Gott að vinna út frá Barnasáttmálanum. Hægt að tengja við ABC barnahjálp eða annað sambærilegt. Hægt að nota myndbandið af vef Stjórnlog unga fólksins í kjölfar umræðunnar. Hægt að ljúka með hugtakakorti eða veggspjaldi. Taka umræðu í lotum eða þemum eins og minnihlutahópar, forréttindi eða annað.
5. Kosningar. Hægt að leyfa nemendum að kjósa um ýmsa hluti s.s. Í hvaða röð námsefni er tekið, skólareglur, matseðil, valgreinar, efni á þemadögum og margt fleira. (Nemendur eiga fulltrúa í þemanefnd skólans eða öðrum nefndum)
6. Virk hlustun. Þrír nemendur vinna saman, einn talar, annar hlustar og sá þriðji skráir. Góð aðferð til að kenna nemendum að leysa ágreining og

vinna saman. Einnig hægt að láta þann sem hlustar endurtaka það sem talandinn segir frá til að staðfesta réttan skilning.

7. Nemendur halda kynningar fyrir foreldra, t.d. niðurstöður í eineltismálum. (Upphaflega þarf að kynna fyrir nemendum hvernig unnið er með eineltismál í skólanum) Gætu verið kynningar á einhverju öðru.
8. Spila Pictionary með lýðræðisorðum.
9. Nemendur skipuleggja og halda skemmtanir/upplestur fyrir foreldra, eldri borgara eða aðra. Tilvalið að tengja upplestrarkeppninni í 7. bekk.
10. Samstarf við eldri borgara. Fulltrúi eldri borgara safnar saman óskum frá sínum hópi og úthlutar verkefnum fyrir nemendur. Nemendur heimsækja eldri borgara og hjálpa þeim með ýmis viðvik, moka snjó af tröppum, lesa fyrir þá, spila við þá eða syngja. Eldri borgarar koma í heimsókn á móti í skólann og segja frá gamla tímanum, leikjum og fleiru.
11. Nemendur undirbúi mál og fari á fund bæjarstjórnar/bæjarstjóra.  
Nemendur fái upplýsingar um störf bæjarstjóra/bæjarstjórna.
12. Samstarf við bæjarstjóra og formann félagsmiðstöðvar þegar kosið er í nemendaráð og skólaráð.
13. Samstarf við bæjaryfirvöld um ráðgjöf varðandi umhverfismál og skipulag á útvistarsvæði. Þátttaka nemenda í hreinsunardegi bæjarins að vori.
14. Nemendur mynda litla hópa og velja sér talsmann/fyrirliða. Velja sér verkefni til að vinna að annað hvort innan skólans eða samfélagsverkefni. Nemendur skiptast í hópa og mynda stjórnmálaafl, velja nafn á flokkinn og listabókstaf, velja sér talsmann, setja sér stefnuskrá, málefnnista fyrir fólkid í landinu, bæjarfélaginu, skólanum (t.d. 5 málefni) halda framboðsræður og kjósa síðan leynilega um flokk. Verkefni fyrir nokkrar kennslustundir og hentar vel eldri nemendum.
15. Nemendur taki þátt í sjálfsmati skólans með því að svara opnum spurningum.
16. Tunguspaði. Hver og einn nemandi á sinn tunguspaða og eru þeir notaðir þegar kjósa þarf um eitthvað innan bekkjarins.
17. Nemendur undirbúi og taki þátt í bekkjarþingi, skólaþingi og eða íbúaþingi.
18. Heimskaffi, world café.

Samræður út frá lykilspurningum sem fara fram í þremur umræðum. 4-5 í

hópi, 20 mínútur í umræðu, síðan er skipt um borð en einn situr eftir. Einn ritari. Gott að nota Stein eða táknrænan hlut til að fá orðið. Þeir sem fara frá borðum dreifa sér á önnur borð en koma svo til baka í þriðju umræðu og segja þá frá því sem var rætt á þeim borðum. Til að taka saman umræðuna má dreifa A5 blaði á öll borð og ákveða bestu sameiginlegu niðurstöðu, eða forgangsraða 1,2 og 3. Hvað vantar inn í myndina á þessu stigi? Hvað erum við ekki að koma auga á. Hvað þurfum við að sjá skýrar. Það þarf lágmark 12 manns í heimskaffi.

#### 19. Open Space.

Allir sitja í einum hring, opið rými í miðjunni. Engin fyrirfram dagskrá en vel skilgreint hvert er tilefnið. Þátttakendur búa til dagskrá. Stóra dagskráin er 3ja daga þing en hægt að útfæra á skemmri tíma. Allir saman í byrjun og stungið er uppá umræðuefnum. Búið til markaðstorg af umræðum. Það má fara á milli hópa ef fólk hefur áhuga á tveimur málefnum sem eru á sama tíma. Sá sem kemur með hugmynd stýrir henni. Klukkutími áætlaður á hverja umræðu. Hugmyndir sem engin hefur áhuga á detta niður og sumar hugmyndir eru fljótafgreiddar. Í lok umræðna forgangsraðar fólk með því að gefa punkta, hver og einn fær 10 punkta og ræður hvernig hann skiptir þeim, má gefa marga punkta á sama verkefni. (Bent er að finna má handbækur um Open Space á [www.amazon.uk](http://www.amazon.uk))

#### 20. Opnum og lokun funda

- Allir sitja saman í hring, allir leggja hægri lófa opin og upp og vinstri lófa ofan á sessunaut, stjórnandi gefur kreist sem gengur hringinn og þá er fundi slitið, má einnig byrja á pennan hátt.
- Allir takast í hendur í kross og standa síðan upp og losa um þannig að þeir snúa í hina áttina, burt frá hver öðrum og þar með er fundi lokið.
- Allir segja eitthvað að lokum, sem þeim býr í brjósti og síðan er farin annar hringur þar sem setning er botnuð tekið eitthvað um viðfangsefnið, t.d. lýðræði og mannréttindi eru mikilvæg, .. lyftir huganum á hærra plan.
- Kveikt er á kerti í upphafi og slökkt í lokin.
- Fund má einnig byrja með því að allir segja hvernig þeir vöknudu eða hvernig dagurinn byrjaði hjá þeim.

## **7. Mat á verkefninu**

Kennarar voru sammála um að skilningur þeirra á hugtakinu lýðræði hafði fengið aðra og meiri merkingu þegar þeir höfðu ígrundað og átt samræður um það og þau verkefni sem reynd voru. Það var einnig greinilegt á fundinum í mars að kennarar voru komnir mun dýpra í umræðuna um lýðræði og mannréttindi og áhugi þeirra og annarra í skólanum hafði aukist. Það var samdóma álit að þessir skólar væru komnir mun lengra í því að innleiða þennan þátt í námskránni en þeir annars hefðu verið komnir ef ekki hefði verið um þetta verkefni og þetta samstarf að ræða. Í öllum skólunum héldu þátttökukennarar kynningu á verkefninu í lok skólaárs fyrir aðra kennara og samstarfsfólk og alls staðar er gert ráð fyrir að halda áfram. Kennarar voru sammála um að vel hefði gengið að innleiða grunnstoðina, lýðræði og mannréttindi samkvæmt nýju aðalnámskránni.

## **8. Niðurstöður verkefnisins**

Með verkefninu sköpuðust tengsl á milli þriggja skóla sem annars höfðu ekki átt í samstarfi áður. Facebook-síðan verður áfram opin og kennarar hafa tök á áframhaldandi samskiptum þó svo verkefninu sé formlega lokið. Með fundunum þar sem kennarar komu saman, sáu hvern annan og deildu reynslu, náðu þeir að mynda kynni sem auðveldar þeim að spjalla saman á netinu. Með ígrunduninni skapaðist mikill áhugi á grunnstoðnni, lýðræði og mannréttindi í nýju námskránni sem auðveldar kennurum að ígrunda aðra þætti hennar og tileinka sér hinar grunnstoðirnar. Verkefnið skilaði fjölda hugmynda og leiða til að vinna með lýðræði og mannréttindi og upplýsingum um hvar væri hægt að finna gott efni. Stjórnendur töldu að verkefnið næði út fyrir þann hóp sem tók þátt í því og að það eigi eftir að koma fleirum að gagni.

## **9. Kynning á verkefninu**

Þátttökukennarar kynntu verkefnið á vorfundum fyrir öðrum kennurum, hverjir í sínum skóla og haldin var uppskeruhátið verkefnisins í tveimur af skólunum núna í júní en sá þriðji mun halda sína í ágúst með það markmið að halda áfram með verkefnið næsta vetur. Unnið er að því að setja hugmyndírnar sem hægt er að nota í kennslu á vef Grunnskólans í Sandgerði á þann hátt að aðrir geti einnig


nýtt sér þær og haft á sínum heimasíðum. Samfélagshugsunin gildir um verkefnið á þann hátt að gefa það áfram og vona að sem flestir njóti góðs af.

## 10. Lokaorð

Það var einstaklega ánægjulegt að vinna þetta verkefni og kynnast og starfa með svona mörgum áhugasönum og frábærum kennurum og skólastjörnendum. Verkefnastjóra varð það ljóst í lok vetrar að margir af þeim sem fóru sér hægt af stað og voru óvissir hvert stefni fylltust áhuga og eldmóð um verkefnið og fóru fullt á skrið þegar leið á veturinn. Þó að hugmyndir að verkefnum séu settar hér fram í fáum orðum er sjálfsagt mál að leita til þessara skóla ef áhugi er fyrir hendi. Verkefnisstjóri er þakklátur fyrir að hafa fengið að halda utan um þetta verkefni í vetur og starfa með öllum þessum frábæru kennurum og skólastjörnendum því það er vegna þeirra framlags sem verkefnið tókst svo vel og kemur til með að nýtast áfram.



Guðrún Snorradóttir



Fanney D. Halldórsdóttir skólastjóri